

## Heimkoman

Spunaleikriti eftir Rannveigu Þorkelsdóttur

Anna og Axel eru systkin sem eru nýkomin heim úr fríi frá Rusleyjunni með foreldrum sínum. Anna varð mjög glöð þegar hún komst að því að ekkert netsamband var á eygni og hún gat ekki tekið á móti SMS-skilaboðum sem stelpa í Axels bekk var alltaf að senda henni. Stelpan, sem heitir Sigga Mæja, vildi fá hana til að þjóna sér. Anna neitaði að gera það og í kjölfarið fór hún að fá andstyggileg skilaboð. Nú er skólinn byrjaður aftur og Anna segir öllum að eineltið sé hætt. Það er reyndar ekki þannig því Sigga Mæja hefur hótað Önnu því að ef hún segir Axel eða einhverjum öðrum frá eineltinu skuli hún gera lítið úr honum fyrir framan alla í skólanum. Axel trúir Önnu um að eineltið sé hætt og er himinlifandi yfir þeirri athygli sem Sigga Mæja sýnir honum.

Sena1

*Leikritið hefst heima hjá systkinunum. Axel fær skilaboð í símann sinn, les þau og fer að hlæja.*

Axel: Frábært, hún ætlar í bíó með mér.

*Axel skrifar strax tilbaka, er smástund að því. Á meðan fær Anna skilaboð. Hún les þau og verður döpur.*

Anna: Hver ætlar með þér í bíó?

Axel: Æji, bara stelpa sem ég þekki.

*Hann lítur á systur sína og vill ekki vekja upp gamla drauga.*

Anna: Má ég koma með?

Axel: Nei, það er ekki hægt. Þú veist, þetta eru nokkrir krakkar úr mínum bekk sem ætla að fara. Svo er myndin líka bönnuð innan tólf ára.

*Fær aftur skilaboð og fer að hlæja.*

Anna: Eins og það skipti einhverju máli. Þú vilt bara ekki hafa mig með. Segðu það bara.

*Hún fær skilaboð og kastar frá sér símanum.*

Axel: Hvað er í gangi, er ekki allt í lagi?

*Hann tekur upp símann og ætlar að skoða hann.*

*Anna stekkur af stað og rífur símann af honum.*

Axel: Hvað er að þér?

Anna: Ekkert, láttu mig í friði.

Axel: Er einhver að senda þér leiðinleg skilaboð?

Anna: Nei.



Axel: Hvað er þá að?

Anna: Ekkert, ég er búin að segja það. Láttu mig í friði.

Axel: Hey, alveg róleg. Ekkert mál. Vildi bara tékka.

*Þau horfa hvort á annað í þögn. Anna er við það að gráta.*

*Þá fær Axel skilaboð og fer að hlæja.*

Axel: Hún er ótrúleg, heyrðu ég verð að fara. Er allt í lagi með þig?

Anna: Hver er svona ótrúleg?

Axel: Verður allt í lagi með þig?

Anna: Já, hvað er að þér, farðu bara. Það er ekkert að mér.

*Axel fer út en um leið er hann að senda SMS.*

*Anna fær skilaboð í sinn síma, les þau og fer að gráta.*

## Sena 2

*Axel er á leið heim til Siggu Mæju. Hann stoppar og segir hugsanir sínar upphátt.*

Axel: Af hverju ætli Anna hafi verið svona leið? Hefði ég átt að bjóða henni með í bíó? Nei, hún getur farið með sínum vinum. Ég á ekki að þurfa að passa uppá hana, hún á alveg að geta séð um sig sjálf. Ætli eineltið sé byrjað aftur? Ég meina, eitthvað annað einelti. Djöfull skal ég berja þann sem ...

Ég veit að Sigga Mæja er löngu hætt að stríða henni. Enda var það bara svona smá-einelti. Ekkert svona alvarlegt. Bæði Anna og Sigga Mæja segja að það sé hætt. Ég trúi þeim alveg. Af hverju ættu þær líka að vera að ljúga? Ég er alveg hrikalega feginn, maður. Ég verð náttúrliga að hugsa um sjálfan mig, ég meina ég er hrikalega skotinn í Siggu, hún má bara ekki vita það strax.

Af hverju ætli Anna hafi verið svona leið? Ég hefði kannski átt að leyfa henni að koma með okkur í bíóið.

*Fær SMS frá Siggu Mæju, hlær og heldur áfram göngunni.*

Axel: Ég er á leiðinni, cjl8er (skrifar það sem hann segir og sendir SMS).

Sena 3

*Axel og Sigga Mæja koma heim til Axels eftir bíóið. Foreldrar Önnu og Axels höfðu skroppið út. Klukkan er 9 um kvöld. Anna er að lesa inní stofu þegar þau koma inn.*

Axel: Gaurinn var líka svo klikkaður. Það getur enginn haldið niðri í sér andanum svona lengi. Þú veist í fimm mínútur. Einmitt.

Sigga Mæja: Nákvæmlega. Þú veist, á maður að trúa þessu?

*Hlær.*

*Anna sér hver kemur með Axel heim og stífnar öll upp.*

Axel: Hæ. Þetta er litla systir mín, Anna.

Sigga Mæja: Já, við þekkjumst mjög vel. Við erum saman í leiklist.

*Brosir smeðjulega.*

Axel: Hvað, ætlar þú ekki að heilsa vinkonu minni?

Anna: Hæ.

*Lítur niður.*

Sigga Mæja: Hæ, hvað segir þú, er ekki allt í góðu?

*Anna svarar ekki.*

Axel: Hvað er eiginlega að þér? Af hverju svarar þú ekki?

Sigga Mæja: Æ, hún er örugglega ennþá fúl út í mig fyrir að senda henni þessi skilaboð í fyrra. Ég veit að ég var hriklega leiðinleg. En ég er það ekki lengur. Er það nokkuð Anna?

*Anna svarar ekki.*

Axel: Halló! Hver er núna að leggja hvern í einelti? Af hverju svarar þú ekki? Rosalega ertu leiðinleg!



Sigga Mæja: Já, hún lætur stundum svona við mig í leiklist. Ég held að hún sé pínulítið afbrýðisöm út í mig. Þú veist, af því að við tvö erum núna vinir.

Axel: Hvað meinarðu, leiðinleg? Hvernig þá?

Sigga Mæja: Æ, ég vil ekki vera að klaga hana systur þína, getum við bara ekki öll reynt að vera vinir?

Anna: Ég er ekki...

Sigga Mæja: Ertu ekki hvað? Hefur þú ekki verið leiðinleg við mig í leiklist? Hefur þú ekki verið að hóta mér með bróður þínum?

Anna: Nei, nei, ég er ekki að hóta, þú, þú...

Sigga Mæja: Ég, hvað? Hef ég verið að hóta einhverju?

Anna: Neeei, en....

Sigga Mæja: En hvað? Vissi það, ég er greinilega ekki velkomin hingað. Það er alveg sama hvað ég reyni að vera almennileg við systur þína, hún er bara alltaf með rosalega stæla við mig.

Axel: Anna, hvað er að þér? Af hverju ertu með svona mikla stæla? Hefur Sigga verið eitthvað leiðinleg við þig?

Anna: Neeeeiiii....en..

*Þögn.*

Axel. En hvað? Hvað, Anna? Rosalega ertu leiðinleg. Kannski ertu bara virkilega afbrýðisöm út í Siggu.

Anna: Nei Axel, ég er ekki afbrýðisömu. Ég bara

Axel: Þú bara hvað? Siggan Mæja er alltaf að tala um hvað þú sért frábær og góð leikkona og þú launar henni svona.



Sigga Mæja: Komdu, förum bara heim til mín. Þar er ég allavega velkomin.

Anna: Axel, ég er bara að reyna að...

Axel: Reyna hvað?

*Anna segir ekkert þar sem Sigga Mæja stendur við hliðina á honum og glottir.*

Axel: Vissi það, þú hefur ekkert að segja.

*Þau fara. Anna stendur ein eftir og er mjög niðurlút. Hún fær SMS, les það og grætur.*

Endir.